

Færsla Hamraneslína 1 og 2 í Hafnarfirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 19. júní 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Eflu verkfræðistofu, f.h. Landsnets, um fyrirhugaða færslu Hamraneslína 1 á 2 samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hafnarfjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Orkustofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Færsla Hamraneslína 1 og 2. Tímabundin færsla á 220 kV raflínunum. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Efla, maí 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 10. júlí 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 2. júlí 2018.
- Orkustofnun með bréfi dags. 5. júlí 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 3. júlí 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. júní 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfum dags. 6., 17. og 18. júlí 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Forsaga. Fram kemur að Lyklafellslína frá Sandskeiði til Hafnarfjarðar sé forsenda fyrir endanlegu niðurrifi Hamraneslína 1 og 2. Unnið var mat á umhverfisáhrifum línunnar og fleiri framkvæmda, í verkefninu SV- línur og lá álit Skipulagsstofnunar fyrir í september 2009. Landsnet sótti um framkvæmdaleyfi fyrir Lyklafellslínu til viðkomandi sveitarfélaga, sem voru kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Úrskurðarnefndin felldi framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðar úr gildi í mars 2018. Úrskurðurinn leiðir til frestunar á framkvæmdum við Lyklafellslínu og tengdum framkvæmdum, m.a. niðurrifi Hamraneslína, þar sem fyrir séð er að ráðast þarf í nýtt mat á umhverfisáhrifum fyrir Lyklafellslínu.

Fram kemur að tafir á niðurrifi Hamraneslína séu ekki í samræmi við uppbyggingaráform í Hafnarfirði. Línurnar liggja við íbúarbyggðina Skarðshlíð sem sé í uppbyggingu og inn í jaðar fyrirhugaðrar íbúarbyggðar í Hamranesi, þar sem ráðgert sé að ljúka við deiliskipulagerð nú á árinu og hefja lóðaúthlutanir í kjölfarið.

Til að Hamraneslínur 1 og 2 hindri ekki frekari uppbyggingu Skarðshlíðarhverfis og Hamraness hefur Landsnet, í samráði við Hafnarfjarðarbæ, ákveðið að færa hluta þeirra tímabundið fjær byggðinni. Þær verða svo teknar niður þegar Lyklafellslína er tilbúin.

Framkvæmdalýsing. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Hamraneslínur 1 og 2 séu tvær línur sem deili möstrum. Gert sé ráð fyrir að taka niður alls fimm, allt að 45 m há möstur



og reisa ný á um 1,5 km kafla. Möstrin, sem beri nýju línurnar uppi, verða alls 8 og verða 14-27 m háar stagaðar stálsúlur. Grafa þarf, fleyga, sprengja eða bora fyrir undirstöðum og stagfestum til að koma þeim fyrir. Við hvert mastur verður gert um 500 m² vinnuplan sem nýtist við reisingu masturs og vinnu í möstrum vegna strengingarvinnu. Fram kemur að mestu leyti verði hægt að nýta núverandi vegi og slóðir á svæðinu en á svæðinu ofan Skarðshlíðar þurfi þó að gera nýjar um 4 m breiðar slóðir að mastursstæðum en það svæði muni að mestu fara undir byggð og samgöngumannvirki samkvæmt gildandi aðalskipulagi Hafnafjarðar. Efnisþörf vegna framkvæmdanna er um 4500 m³ og kemur efnið úr námum með rekstrarleyfi sem lokið hafa mati á umhverfisáhrifum.

4 UMHVERFISÁHRIF

Fram kemur að við fyrirhugaða færslu Hamraneslína 1 og 2 muni verða rask á svæði sem í dag einkennist af mólendi gróið lúpínu og mosavöxnu hrauni. Áætla má að við framkvæmdina muni um 0,4 ha af hrauni raskast vegna mastra næst tengivirki í Hamranesi. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru þrjár vistgerðir ráðandi, þ.e. alaskalúpína, eyðimelavist og mosahraunvist en engin þessara vistgerða er með hátt verndargildi. Fram kemur að fuglalíf á svæðinu sé að öllum líkindum frekar rýrt og fábreytt miðað við þær vistgerðir sem þar sé að finna, rask verði í lágmarki og áflugshætta minnki með tilkomu breyttra mastragerða.

Fram kemur að við færslu Hamraneslína 1 og 2 verði rifin 40 – 45 m há möstur sem blasi við frá Vallahverfi og nágrenni og sjáist langt að. Í stað þeirra koma helmingi lægri möstur sem verða um hálfum km lengra frá byggðinni og að hluta til í hvarfi.

Fram kemur að ekki hafi farið fram sérstök úttekt á fornminjum innan þess svæðis sem línan hliðrist inn á en engar þekktar fornminjar séu á framkvæmdasvæðinu samkvæmt kortasjá Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands telur að fá þurfi fornleifafræðing til að kanna fyrirhuguð línustæði og það svæði sem kann að raskast vegna slóðagerðar og kynna stofnuninni niðurstöður athugunarinnar. Framkvæmdaraðili tekur undir ábendingar Minjastofnunar í svörum sínum.

Umsagnaraðilar gera að öðru leyti ekki athugasemdir við fyrirhugaða færslu.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hafnafjarðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig þarf leyfi Orkustofnunar fyrir fyrirhugaðri færslu. Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Hafnafjarðar 2013-2025.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða færslu Hamraneslína 1 og 2 í Hafnarfirði á um 1,5 km kafla við Skarðhlíð. Gert er ráð fyrir að línurnar verði bornar upp á átta, 14-27 m háum stálsúlum og verði útbúið 500 m² plan við hvert mastur. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar. sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.



Um er að ræða tímabundna færslu loftlína á um 1,5 km kafla og verða rifin hærrí og umfangsmeiri möstur en þau sem reist verða. Við framkvæmdir mun því draga úr sjónrænum áhrifum á viðkomandi kafla og áflugshætta fugla minnka en nokkuð rask mun hljóttast af framkvæmdinni. Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af eðli framkvæmdar ekki ástæðu til að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu og eiginleikum framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa sbr. 2. og 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Við fyrirhugaðar framkvæmdir mun um 0,5 ha af hrauni raskast en eldhraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til. Um er að ræða afmarkað svæði sem raskast og gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhverfa sem koma til með að raska mun stærra hraunasvæði. Skipulagsstofnun bendir á að að kröfu Minjastofnunar Íslands þarf að fara fram fornleifaskráning áður en framkvæmdaleyfi verður veitt til þess að ganga úr skugga um að að ekki séu fornleifar innna framkvæmdasvæðisins. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem umfangi áhrifa, afturkræfni þeirra, stærð og fjölbreytileika áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda felast aðallega í varanlegu raski á eldhrauni og gróðri en á afmörkuðu svæði. Eins og áður sagði mun draga úr sjónrænum áhrifum á viðkomandi kafla sem og áflugshættu fugla miðað við núverandi aðstæður þar sem rifin verða mun umfangsmeiri möstur í stað þeirra sem verða reist. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að færsla Hamraneslína 1 og 2 á 1,5 km kafla sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. ágúst 2018.

Reykjavík, 19. júlí 2018

Jakob Gunnarsson